

Niðurstöður aðalfundar 2026

Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. var haldinn fimmtudaginn 16. apríl 2026, kl. 15:00. Fundurinn fór fram á BRASA, Turninum, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

Tillögur stjórnar, sem lágu fyrir á fundinum, er að finna á heimasíðu félagsins undir slóðinni www.eik.is/hluthafar.

1. Ársreikningur

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins (samstæðureikningur og móðurfélagsreikningur) vegna ársins 2025.

2. Ráðstöfun hagnaðar félagsins á rekstrarárinu 2025

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að félagið greiði hluthöfum arð að heildarfjárhæð 3.732.740.000 kr. fyrir árið 2025. Eigin hlutir félagsins skulu ekki njóta arðsréttar.

Arðgreiðslunni verður skipt í tvo hluta. Fyrri greiðslan að fjárhæð u.þ.b. 1.866.370.000 kr., sem nemur 0,5500 kr. á hlut, með arðleysisdegi 17. apríl 2026. Síðari greiðslan, að fjárhæð u.þ.b. 1.866.370.000 kr., sem nemur nú að óbreyttu 0,5500 kr. á hlut, með arðleysisdegi 2. október 2026. Arðleysisdagur verður í hvoru tilviki um sig sá dagur sem viðskipti hefjast með hlutabréf án réttar til arðs vegna viðkomandi hluta.

Viðmiðunardagur (*e. record date*) vegna fyrri greiðslunnar verður 20. apríl 2026 og vegna seinni greiðslunnar 5. október 2026. Skráðir hluthafar félagsins í lok viðmiðunardags eiga rétt til arðs.

Greitt verður í íslenskum krónum. Útborgunardagur vegna fyrri greiðslunnar verður 28. apríl 2026 og 14. október 2026 vegna seinni greiðslunnar.

3. Þóknun fyrir stjórnarstörf

Aðalfundur samþykkti að stjórnar- og nefndarlaun verði eftirfarandi:

- 3.1. Laun hvers stjórnarmanns verði 445.000 kr. á mánuði en laun stjórnarformanns verði tvöföld þóknun stjórnarmanns.
- 3.2. Laun stjórnarmanna sem sitja í starfskjaranefnd verði 60.000 kr. á mánuði. Laun formanns starfskjaranefndar verði 110.000 kr. á mánuði.
- 3.3. Laun stjórnarmanna sem sitja í endurskoðunarnefnd verði 120.000 kr. á mánuði. Laun formanns endurskoðunarnefndar verði 200.000 kr. á mánuði.
- 3.4. Laun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði 80.000 kr. á mánuði en laun formanns tilnefningarnefndar verði 125.000 kr. á mánuði.

4. Starfskjarastefna félagsins

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar að breytingu á starfskjarastefnu félagsins.

5. Heimild til að samþykkja kaupréttaráætlun

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að henni verði heimilað að samþykkja kaupréttaráætlun samkvæmt 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

6. Heimild til að samþykkja kaupréttarkerfi fyrir stjórnendur og lykilstarfsmenn

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að henni verði heimilað að samþykkja kaupréttarkerfi fyrir stjórnendur og lykilstarfsmenn félagsins í samræmi við fyrirliggjandi tillögu.

7. Breytingar á samþykktum félagsins

Aðalfundur samþykkti breytingar á samþykktum félagsins í samræmi við tillögur stjórnar. Með breytingunum var bætt við nýrri heimild í 4. mgr. 5. gr. til að innleiða kaupréttaráætlun og kaupréttarkerfi.

8. Kosning félagsstjórnar

Eftirtalin voru kosin í stjórn félagsins:

- Bjarni Kristján Þorvarðarson
- Eyjólfur Árni Rafnsson
- Gunnar Þór Gíslason
- Katrín Jakobsdóttir
- Ragnheiður Harðar Harðardóttir

9. Fulltrúar í tilnefningarnefnd

Eftirtalin skipa tilnefningarnefnd félagsins:

- Anton Reynir Hafðísarson
- Íris Björk Hreinsdóttir
- Sigrún Ragna Ólafsdóttir

10. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

Aðalfundur samþykkti að Deloitte ehf. yrði kjörið endurskoðunarfélag félagsins.

11. Heimild til kaupa á eigin hlutum

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga, í þeim tilgangi að (1) koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu, (2) gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum, og/eða (3) setja upp formlega endurkaupaáætlun.

12. Önnur mál sem löglega eru fram borin

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum og var honum slitið kl. 15:43.